



ÆSKULÝÐSSKÝRSLA

2014-2015

Æskulýðsnefnd Sóta 2014-2015 skipuðu:

Elísabet Birgisdóttir

Elfur Erna Harðardóttir

Ragnhildur Skúladóttir

Eyrún Sigurjónsdóttir

Nanna Björk Bárðardóttir


Við, í hestamannafélaginu Sóta á Álftanesi, getum státað okkur af litlu en öflugu félagi sem stendur fyrir ýmiskonar viðburðum, nánast allt árið.

Hlutverk okkar í æskulýðsnefnd er að huga að unga fólkinu og skapa þeim sem bestar aðstæður til þess að iðka áhugamál sitt, hestamennskuna.

Veturinn 2014-2015 vorum við með mjög aldurs- og getu breiðan hóp innan æskulýðsstarfsins. Ungum krökkum, sem eru að byrja að ríða út, hefur fjölgað auk þess sem fleiri unglingar voru virkir en verið hefur undanfarin ár. Þó að krakkarnir væru á svo ólíkum aldri voru þau mjög flott saman og náðu vel saman í leik og starfi. Það var reyndar stundum smá höfuðverkur fyrir æskulýðsnefndina að útbúa viðburði sem höfðað gæti til svo breiðs aldurshóps en þegar upp var staðið voru allir ánægðir.

Krakkarnir voru mjög duglegir að taka þátt í öllu því sem var í boði, bæði því sem var sérstaklega fyrir þau og einnig öðrum viðburðum á vegum félagsins sem var ánægjulegt.

Síðast liðið haust fórum við með hópinn út að borða og í Fákasel á sýninguna sem þar var í boði. Einnig fengu krakkarnir að fara í hesthúsið á Ingólfshvoli og fræðast meira um uppsetningu og framkvæmd sýningarinnar.



Vetrardagskrá æskulýðsnefndar hófst á bíóferð. Farið var með hópinn að sjá myndina Paddington og var það hin besta skemmtun.

Árleg öskudagsreið fór fram þann 18. Febrúar. Krakkarnir gengu á milli hesthúsa, sungu fyrir þá fullorðnu og fengu nammi. Að því loknu borðum við saman í félagshúsi Sóta.

Sóti og Sörli voru með sameiginlegt atriði á viðburðinum „Æskan og hesturinn“. Flott atriði hjá krökkunum enda mikið æft og fóru allar æfingar og undirbúningur fram í reiðhöll Sörla.

Þann 28. mars fór fram páskaeggjaleit Sótakrakka. Búið var að fela lítil egg víðs vegar um hesthúsahverfið sem krakkarnir hjálpuðust að við að finna og setja í körfu. Að lokinni eggja talningu fegnu allir páskaegg.



Kósýkvöld æskulýðsnefndar fór fram þann 8. maí. Boðið var upp á pitsu, gos og góðgæti og svo var spilað og spjallað fram eftir kvöldi.

Í byrjun júní var farið sérstaklega með unglingana í bíó að sjá myndina Pitch Perfect 2 sem var efst á óskalistanum. Vel heppnuð ferð þar sem unglingsaldurinn var í forgangi.

10. júní var sameiginlegur reiðtúr foreldra og barna. Að reiðtúr loknum var grillað við félagshús Sóta.

Formlegri vetrardagskrá lauk svo með keiluferð þann 11. október sem var mikið fjör.

Ýmiskonar reiðnámskeið stóðu krökkunum til boða síðast liðinn vetur. T.d. voru nokkrir unglingar sem tóku bæði bókleg og verkleg námskeið í Knapamerkjunum hjá Sörla. Einnig sóttu yngri krakkarnir reiðnámskeið hjá Sörla sem fram fóru í reiðhöll Sörla.

Reiðnámskeið æskulýðsnefndar Sóta hófust í lok apríl og stóðu í 5 vikur. Kennari var Karen Emilía Woodrow. Skipt var í hópa eftir getu og voru námskeiðin vel sótt.